

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 2003-2023, vegna spennistöðvar, Fjallabyggð.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 25. júní 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 2003-2023 frá 2. mars 2005.

Breytingin felst í því að 0,6 ha athafnasvæði á horni Þormóðsgötu og Norðurgötu breytist í iðnaðarsvæði (S11) þar sem gert er ráð fyrir spennistöð.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 25. júní 2009.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2009